

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 984/2012 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald kr. 11.000

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 13.000

Kostnaður vegna viðbótareftirlits ásamt greiningu og sýnatöku sbr. 10. kafla laga um matvæli nr. 93/1995, greiðist samkvæmt reikningi.

2. gr.

Gjaldskrárbreytingin er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist hér með heimild í 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum, 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Garðabæ, 9. nóvember 2015.

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.